

Gott kvöld góðir áheyrendur. Ég heiti Björgvin Rúnar Leifsson og þetta er þáttur um Pink Floyd.

Eftir hinar ótrúlegu viðtökur, sem "Dark Side of the Moon fékk", má e.t.v. segja að meðlimir Pink Floyd hafi ekki átt sjö dagana sæla. Þeim fannst að þeir þyrftu að byrja á nýrri plötu þó að enginn útgefandi beitti þá neinum þrýstingi og þeim fannst þeir líka vera undir mikilli pressu að nýja platan stæðist gullmolanum snúning og væri helst betri en hann. Þeir fóru því í Abbey Road hljóðverið haustið 1973 með tvær hendur tómar og byrjuðu að jamma eitthvað og vonuðust til að eitthvað kæmi út úr því.

Einhvern tíma áður höfðu þeir rætt hugmyndir að plötu, sem byggðist eingöngu á hljóðum búnum til með alls kyns heimilisáhöldum, bæði innan- og utandyra. Þeir sátu með sveittan skallann í tvo mánuði haustið 1973 áður en þeir gáfust upp og höfðu þá tekið helling upp eða allt frá hamars- og axarhljóðum til brothljóða frá ljósaperum og vatnshljóða af aðskiljanlegustu sortum. Verkefnið kölluðu þeir "Household Objects" og þó að það hafi dagað að mestu uppi er það kannski merkilegast fyrir það að vera enn þá til án þess að hafa nokkurn tíma verið gefið út á "bootleg", þ.e. ólöglega.

Til að halda nýjum aðdáendum við efnið, þ.á.m. undirrituðum, var ákveðið að gefa út fyrstu tvær plötur hljómsveitarinnar í einu umslagi í desember 1973 undir samheitinu "A Nice Pair".

Árið 1974 fór að mestu leyti í að fresta því óumflýjanlega, þ.e. að búa til nýja plötu. Reyndar gekk þeim svo illa að byrja að þeir íhuguðu í fullri alvöru að leggja hljómsveitina niður. Þó fóru þeir í eina eða tvær tónleikaferðir þetta ár, þar sem þeir spiluð m.a. drög að nýjum lögum, svo sem "Raving and Drooling", "Gotta be Crazy" og einhverju mjög ófullgerðu verki, sem þeir kölluðu einfaldlega "Shine on" á þessum tímamarki. En í rauninni var harla lítið að gerast og þar sem þeir höfðu myndað eins konar vegg milli sín og fjölmiðla hafði enn fremur myndast ákveðin stífni á báða bóga. Í lok ársins fengu þeir á sig töluvert harða gagnrýni frá blaðamanninum Nick Kent, sem reyndar var mikill Barrett aðdáandi. Hann sagði einfaldlega það sem rétt var, að það væri lítið varið í nýtt efni, sem kæmi frá þeim á tónleikum og það varð til þess að þeir fóru í

hljóðverið strax í fyrstu viku ársins 1975.

Þegar hér var komið sögu höfðu þeir þó grunn að nýju verki. Einhvern tíma árið 1974 sló Gilmour fjóra einfalda tóna á gítarinn sinn, tónana, sem þið heyrðuð í upphafi þáttarins. Waters greip þetta strax á lofti og fannst þeir koma úr einhverjum fjarska. Þar með var meginþema plötunnar komið, þ.e. fjarvera, sem þróaðist eiginlega á tvo vegu, annars vegar minningin um Syd Barrett í "Shine on You Crazy Diamond" og "Wish You Were Here" og hins vegar hin kröfuhörðu plötufyrirtæki, sem heimta alltaf meira og meira af tónlistarmönnum en eru þó svo fjarlæg eða öllu heldur láta hag þeirra sig svo litlu skipta að þau vita ekki einu sinni hvað hljómsveitarmeðlimir heita. Textinn "Oh bye the way, which one's Pink" í laginu "Have a Cigar" er nefnilega ekki eitthvað út í loftið en hljómsveitarmeðlimir hafa gefið í skyn að þeir hafi einmitt verið spurðir þessarar spurningar. Smám saman, eftir því leið á gerð plötunnar, sá Waters að "Raving and Drooling" og "You Gotta be Crazy" ættu ekki heima þarna og lagði til að þeim yrði frestað til næstu plötu. Hann fékk sínu framgengt þó að Gilmour væri efins.

Platan "Wish You Were Here" kom út í september 1975 og er að mínu mati næstum jafn góð og "Dark Side of the Moon" og er reyndar uppáhaldsplatan mín með Pink Floyd. Hún fékk líka frábærar viðtökur og skaust beint í fyrsta sæti bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum. Mér kæmi hins vegar ekki á óvart að fleiri nýir aðdáendur en ég hafi orðið undrandi þegar leið á fyrri hluta "Shine on You Crazy Diamond" og spurt sig "Ha, enginn söngur"? Eldri aðdáendur, sem þekktu "Atom Heart Mother" og "Echoes" hafa hins vegar líklega kinkað kolli og kannast strax við sína menn.

Eitt af því, sem gerir "Wish You Were Here" svo góða að mínu mati er hve hún er mikil andstæða við "Dark Side of the Moon". Sú síðarnefnda bæði byrjar og endar með látum en "Wish You Were Here" bæði byrjar og endar á mjög rólegum og lágum nótum, sem annars vegar styrkjast smám saman í inngangi "Shine on" en deyja hins vegar líka út á snilldarlegan hátt í enda þess sama verks, sem bæði byrjar og lokar plötunni og er það hugmynd Waters. Aftur var Gilmour ekki sammála en lét undan þar sem bæði Wright og Mason studdu Waters í þessu máli.

Allir textar laganna eru eftir Waters og hann er einn skrifaður fyrir tveimur

lögum, "Welcome to the Machine" og "Have a Cigar". Ég get samt ekki fallist á að hann hafi verið búinn að yfirtaka hljómsveitina á þessum tímamarki, til þess er þáttur hinna allt of mikill, þ.m.t. Masons þó að hann sé ekki skrifaður sem meðhöfundur að neinu lagi á plötunni.

Þar sem ég ætla að spila allt verkið "Shine on You Crazy Diamond" fyrir ykkur í lok þáttarins skulum við byrja á baráttunni við tónlistariðnaðinn og hlusta fyrst á "Welcome to the Machine" eftir Waters. Lagið fjallar um ungan tónlistarmann, sem kemur ferskur inn með nýja strauma en er fljótlega gerður að einkaeign plötubísnessins, sbr. textann "What did you dream, it's all right, we told you what to dream". Hér er mjög skemmtileg effektanotkun í upphafi lagsins. Ég fæ alltaf á tilfinninguna að ég sé staddur úti á sjó og að brúin sé að biðja vélarrúmið um meiri hraða. Lagið endar svo að loknum loftvarnarflautum í partýi, sem gæti sem best verið eitthvað útgáfupartí.

Lag: "Welcome to the Machine" <https://www.youtube.com/watch?v=lt-udg9zQSE>

Lagið "Have a Cigar" er einnig eftir Waters og fjallar um hræsni og græðgi tónlistargeirans en í aðra röndina einnig um pressuna, sem meðlimum Pink Floyd fannst vera á sér að loknu meistaraverkinu "Dark Side of the Moon" og ég vék að í upphafi þáttarins. Einhverra hluta vegna treystu hvorki Gilmour né Waters sér til að syngja lagið svo að vel væri. Bæði Mason og Wright töldu reyndar að Gilmour ætti að syngja það en ég hef ekki komist að því hvort þeir buðu Wright að reyna. Alla vega bauðst Roy nokkur Harper, sem einnig var við upptökur í Abbey Road til að syngja það og þáðu þeir það þó að Waters hafi alltaf séð eftir því síðan.

"Have a Cigar" endar þannig að manni finnst eins og skrúfað sé niður í því í útvarpi og svo skipt um stöð. Síðan er flakkað á milli stöðva í bílútvarpi Gilmour þangað til hitt er á stöð, sem er að byrja að spila titillag plötunnar, "Wish You Were Here". Í stuttu máli er saga "Wish You Were Here" þannig að Waters kom að Gilmour þar sem sá síðarnefndi var að glamra á kassagítar. Waters bað Gilmour um að spila þetta örlítið hægjar og tók upp annan gítar og þannig varð lagið smám saman til sem tónlistarleg afurð þeirra tveggja, sem líklega var orðið sjaldgæft á þessum tímamarki. Texti Waters, sem reyndar var búinn til á undan laginu, sem var óvenjulegt, er að mestu óður til Syd Barrett, sbr. "Can you tell a green field from a cold steel rail?", sem vísar til lagsins, "If It's In You", af sólóplötu Barretts, "The

Madcap Laughs" en þar er að finna textann "Hold you tighter so close Yes you are Please hold on to the steel rail". Til gamans má enn fremur geta þess að þeir buðu fiðlusnillingunum Stephane Grappelli og Yehudi Menuhin að spila undir en þeir voru við upptökur í hljóðverinu á sama tíma. Yehudi afþakkaði en hlustaði samt á Grappelli spila. Upptakan var ekki notuð þegar til kastanna kom en er enn til. Við skulum nú hlusta á "Have a Cigar" og "Wish You Were Here" með einleik Gilmour á bílútvarpíð sitt á milli.

Lög:

"Have a Cigar"/"Wish You Were Here" <https://www.youtube.com/watch?v=NP4JeyJCVag>

Þá er komið að meistaraverki plötunnar, "Shine on You Crazy Diamond" eftir Waters, Gilmour og Wright, sem er að mínu mati besta lag Pink Floyd fyrr og síðar. Hér nýttist "Household Objects" þeim loksins að hluta. Þeir höfðu m.a. strokið brúnir vínglasa með mismiklu vatni í og þetta er notað í inngangi verksins. Ég hef ekki komist að því hvort þetta hafi verið notuð á tónleikum hljómsveitarinnar en það var hins vegar gert á tónleikaferð Gilmour, "Remember that Night" árið 2006. Merkilegast er kannski atvikið í Feneyjum þegar Gilmour og seinni kona hans, Polly Samson, vou á gangi daginn fyrir tónleikana og sáu götulistamann spila "Für Elize" eftir Beethoven á vínglós. Þau horfðu hvort á annað, kinkuðu kolli og buðu Ivan Sklyarov að spila undir í fyrsta hluta "Shine on" á tónleikunum daginn eftir. Þrátt fyrir að hafa lítinn æfingatíma svaraði Ivan að bragði: "Yes, this is a good idea", en fékk reyndar viku til æfinga þar sem fresta þurfti tónleikunum af tæknilegum orsökum.

"Shine on" skiptist í 9 hluta og er lengsta verk Pink Floyd eða alls 26,05 mínútur. Það bæði opnar og lokar plötunni, sem byrjar á hlutum 1-5 og endar á 6-9. Þetta er óður til gamla félagans Syd Barrett og í hvert skipti, sem hljómsveitin flutti það á tónleikum var mynd af honum í bakgrunni. Texti Waters er snilldarverk og sýnir vel hve góður textahöfundur hann var orðinn á þessum tímamarki, sbr. "Remember when you were young, you shone like the sun" og svo í sama versu "Now there's a look in you eyes, like black holes in the sky". Gítartónar Gilmour eru stórkostlegir að vanda og framlag Wright á hljómborðunum er einstök upplifun. Wright er reyndar einn skrifaður fyrir mögnuðum lokahlutanum og reyndist það síðasta verkið, sem hann var skrifaður fyrir þar til "The Division Bell" kom út 1994. Þá má ekki gleyma þætti Dick Parry með saxófónana í 5. hluta en benda má á að hann var ásamt Gilmour í hljómsveitinni "Jokers Wild" áður

en Gilmour gekk til liðs við Pink Floyd.

Áður en ég leyfi ykku að heyra "Shine on" verður að minnast merkisdagsins 5. júní 1975. Sagan segir að þeir hafi einmitt verið að vinna við "Shine on You Crazy Diamond" þegar feitur, sköllóttur og nauðrakaður maður rölti af götunni inn í hljóðverið. Það tók meðlimi Pink Floyd töluverðan tíma að átta sig á hver þetta væri. Mason segir í bók sinni að það hafi verið Gilmour, sem áttaði sig fyrstur að hér væri einmitt kominn hinn gamli félagi þeirra, Syd Barrett. Þetta var vægast sagt erfið stund fyrir þá féлага og var ekki laust við að tár féllu af hvarmi. Aðspurður sagðist Syd eiga stóran ísskáp, sem hann þyrfti stöðugt að fylla af svínakótelettum því að þær hyrfu jafn óðum. Syd hlustaði á það sem þeir voru að gera þá stundina hvort sem það var nú "Shine on" eða eitthvað annað. Aðspurður hvernig honum litist á svaraði hann engu en þegar honum var boðið að heyra það aftur sagðist hann ekki sjá neinn tilgang í því þar sem hann væri nýbúinn að heyra það. Mason telur nú samt að þessi óvænta uppákoma hafi haft áhrif á lokaútkomu "Shine on" og segist enn komast við þegar hann heyrir lokatóna verksins þar sem Wright bætir við örfáum háum stakkatotónum úr "See Emily Play".

Að lokum má taka fram að "Wish You Were Here" var upphaldsplata Wright og er upphaldsplata Gilmour af öllu því sem Pink Floyd gerði á ferlinum.

Ég heiti BRL og veit eitthvað þínulítið um Pink Floyd. Ég þakka þeim sem hlýddu og óska ykkur öllum ánægjulegra stunda.

Lag: Shine on You Crazy Diamond (parts 1-9)
[v=_uwEFG7pU-8](https://www.youtube.com/watch?v=_uwEFG7pU-8)

https://www.youtube.com/watch?v=_uwEFG7pU-8